



GILDANDI DEILISKIPULAG MKV. 1:2000



BREYTT DEILISKIPULAG MKV. 1:2000

SKÝRINGAR:

- Lóðamörk
- Skipulagsmörk
- Byggingarreitur
- Virkjunnarrör



YFIRLITSMYND MKV. 1:5000

SKÝRINGAR:

- Skipulagsmörk
- Minjar
- Virkjunnarrör



Aðalskipulag Borgarfjarðarhrepps 2004-2016

Deiliskipulag þetta sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt

í _____ þann _____ 2021 og

í _____ þann _____ 2021

Tillagan var auglýst frá _____ 2021 með athugasemdafresti til _____ 2021

Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins var birt í B-deild Stjórnartíðinda

þann _____ 2021

Greinargerð

Gerð er breyting á deiliskipulagi ferðabjónustu í landi Klyppstaða sem samþykkt var 24.06.2009.

Breytingin gengur út á að sýndur er byggingarreitur fyrir stöðvarhús og fallpipu. Einnig er sýnt á yfirlitsmynd staðsetning jarðvegsstíflu og virkjunnarrörs að stöðvarhúsi. Bætt er við afmörkun skipulagssvæðis á yfirlitsmynd og á mynd sem sýnir skálasvæðið.

Um er að ræða smávirjun fyrir ferðabjónustusvæðið í landi Klyppstaða í Loðmundarfirði.

Svæðið er staðsett innan svæðis á náttúruminjaskrá. Loðmundarfjörður, Víkur, Vestdalur og Vestdalseyri. Ennfremur er svæðið innan hverfisverndarsvæðis vegna afmörkunar búsetulandslags.

Þrjár minjar eru í nálægð við virkjunnarröð. Taka þarf fullt tillit til þeirra og merkja þær á vettvangi á meðan á framkvæmdum stendur. Einnig eru fleiri minjar að finna utan við skipulagssvæðið. Ef óþekktar minjar koma í ljós við framkvæmdir ber að stöðva þær og gera Minjastofnun viðvart sbr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012

Sýndur er byggingarreitur fyrir lítið stöðvarhús rétt norðan við skálasvæðið. Byggingarreitur er 25 fermetrar en innan hans er heimill að reisa allt að fimm fermetra hús. Af virkjunar er áætlað 4-5 kv.

Talsvert ofar í hlíðinni er fyrirhugað að koma fyrir jarðvegsstíflu, u.þ.b. 1-1,5 m á breidd með lokubúnaði úr áli. Ekkert lön mun fylgja stíflunni. Jarðvegsstíflan verður að mestu úr örtí og grjóti.

Frá stíflu að stöðvarhúsi verður komið fyrir virkjunnarröri sem verður u.þ.b. 800 metra langt. Virkjunnarröð er 110 mm plastlöggn og verður hún grafin niður fyrstu og síðustu 200 metrana í ca 40 cm dýpt. Löggnin liggur að mestu á hallamyri og mun hverfa fljótt í gróður þar sem hún mun liggja ofanjarðar.

Umhverfisáhrif eru talin óveruleg. Um er að ræða mjög umfangsliða framkvæmd og munu umhverfi lagnar hverfa mjög fljótt í gróður þar sem rétt er verið að sverfa af efsta gróðurlaginu þar sem löggnin er niðurgrafin. Gæta skal þó að mögulegum sjaldgæfum plöntutegundum sem eru á valla Náttúrufræðistofnunar Íslands sem finnast í Loðmundarfirði s.s. lyngbúi og stinnasef. Þekktir fundarstaðir eru ekki á framkvæmdasvæðinu en aðstæður gætu hentað sem búsvæði. Stöðvarhús verður lítið og stíflumannvirki smágerð og að mestu úr jarðvegi og grjóti. Framkvæmdin sem skipulagsbreytingin innifelur hefur engin áhrif á svæði á náttúruminjaskrá eða hverfisvernd vegna lítils umfangs.

BR ÚVAÐ: BREYTING REKJN. TEKN.

Múlaþing
LYNGÁRI 12 - 700 EIGLISSTADIR - Sími: 470 0300 - KT: 660220-1350 - NETFANG: mular@mulathing.is

LANDMÖTUN - HAVARÁRORFI 12 - 200 KÖPVOGLUR - Sími: 575 5300 - FAX: 554 5300 - NETFANG: landmotun@landmotun.is

KLYPPSTAÐUR
TILLAGA AÐ BREYTINGU Á DEILISKIPULAGI

DEILISKIPULAGSUPPDRÁTTUR

SKIPULAG: EES
TEKNAÐ: ÓÖG
SAMBYKKT
KT

ÍVARDI 1. 2020
KÖPVOGLUR
VERKNI
TEKNI NR.
7400-DV2103
D-01

